**128. löggjafarþing 2002–2003.**
**Þskj. 261 — 135. mál.**

# Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um aðkeypta ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og stofnana.

1. *Hver var kostnaðurinn við aðkeypta ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og stofnana þeirra árin 1999–2001? Svarið óskast skipt eftir árum og sundurgreint milli ráðuneyta og undirstofnana.*

Í töflunni hér á eftir eru umbeðnar upplýsingar um kaup ráðuneyta og stofnana þeirra á ráðgjafarþjónustu árin 1999–2001. Svarið er unnið í samvinnu við Fjársýslu ríkisins. Við mat á umfangi aðkeyptrar sérfræðiþjónustu var litið á eftirfarandi tegundaliði í bókhaldi ríkisins:

– Viðskiptafræðingar, endurskoðendur, rekstrarráðgjöf.
– Lögfræðingar.
– Verkfræðingar, arkitektar, tæknifræðingar.
– Sálfræðingar, félagsfræðingar.
– Náttúru- eðlis- og efnafræðingar.
– Þýðendur, túlkar.
– Önnur sérfræðiþjónusta.

Samtals keyptu ráðuneyti og stofnanir þeirra ráðgjafarþjónustu fyrir 2.004 millj. kr. árið 1999, 2.451 millj. kr. árið 2000 og 2.944 millj. kr. árið 2001.

**Aðkeypt ráðgjafarþjónustu ráðuneyta og stofnana.**

| | | Sérfræðiþjónusta samtals | | |
|---|---|---|---|---|
| **Stofnun** | **Heiti stofnunar** | **1999** | **2000** | **2001** |
| **00** | **Æðsta stjórn ríkisins** | **79.033.647** | **54.018.350** | **65.747.229** |
| 00 101 | Embætti forseta Íslands | 2.183.580 | 637.061 | 325.766 |
| 00 201 | Alþingi | 7.211.003 | 17.347.715 | 16.108.364 |
| 00 205 | Framkvæmdir á Alþingisreit | 40.878.819 | 9.442.607 | 20.607.900 |
| 00 301 | Ríkisstjórn | -53.491 | | |
| 00 610 | Umboðsmaður Alþingis | 2.435.458 | 2.700.460 | 2.388.818 |
| 00 620 | Ríkisendurskoðun | 26.378.278 | 23.890.507 | 26.316.381 |
| | | | | |
| **01** | **Forsætisráðuneyti** | **72.869.193** | **228.015.587** | **167.445.216** |
| 01 101 | Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa | 3.673.895 | 3.724.687 | 8.233.967 |
| 01 190 | Ýmis verkefni | 52.460.917 | 213.682.378 | 143.123.423 |
| 01 201 | Fasteignir forsætisráðuneytis | 368.860 | 128.138 | 92.851 |
| 01 211 | Þjóðhagsstofnun | 2.766.239 | 1.183.550 | 1.356.651 |
| 01 231 | Norræna ráðherranefndin | 413.608 | 116.061 | 371.882 |
| 01 241 | Umboðsmaður barna | 205.062 | 39.000 | 480.270 |
| 01 251 | Safnahús | 6.359.088 | 4.633.211 | 2.707.085 |
| 01 253 | Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn | | | 600.600 |
| 01 261 | Óbyggðanefnd | 645.296 | 3.372.991 | 5.835.727 |
| 01 271 | Ríkislögmaður | 3.799.673 | 441.603 | 1.274.049 |

| Stofnun | Heiti stofnunar | Sérfræðiþjónusta samtals 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 01 303 | Kristnihátíðarsjóður | | | 372.501 |
| 01 902 | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum | 2.176.555 | 693.968 | 2.996.210 |
| **02** | **Menntamálaráðuneyti** | **387.192.326** | **436.166.585** | **480.800.207** |
| 02 101 | Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 5.944.898 | 4.012.879 | 5.917.657 |
| 02 201 | Háskóli Íslands | 187.604.360 | 221.204.812 | 227.184.170 |
| 02 202 | Tilraunastöð Háskólans að Keldum | 297.113 | 2.603.814 | 853.589 |
| 02 203 | Raunvísindastofnun Háskólans | 2.688.202 | 8.810.909 | 8.541.057 |
| 02 204 | Stofnun Sigurðar Nordals | 306.746 | 751.282 | 272.248 |
| 02 205 | Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi | 1.968.821 | 2.594.049 | 1.075.251 |
| 02 206 | Orðabók Háskólans | 160.404 | | 142.162 |
| 02 207 | Íslensk málstöð | 2.021.367 | 899.149 | 606.274 |
| 02 208 | Örnefnastofnun Íslands | 51.800 | 89.250 | 454.385 |
| 02 210 | Háskólinn á Akureyri | 17.892.806 | 22.157.882 | 21.529.276 |
| 02 211 | Tækniskóli Íslands | 844.083 | 1.993.463 | 6.154.071 |
| 02 215 | Kennaraháskóli Íslands | 15.793.142 | 21.545.984 | 20.565.133 |
| 02 223 | Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála | 13.263.203 | 17.817.621 | 10.723.368 |
| 02 231 | Rannsóknarráð Íslands | 3.262.829 | 2.682.816 | 9.220.570 |
| 02 235 | Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum | 2.898.400 | 582.775 | 2.338.300 |
| 02 236 | Vísindasjóður | 2.871.000 | 4.662.005 | 5.094.850 |
| 02 237 | Tæknisjóður | 4.493.400 | 4.827.256 | 6.527.958 |
| 02 238 | Bygginga- og tækjasjóður | 547.048 | 203.000 | 272.000 |
| 02 239 | Rannsóknarnámssjóður | 401.000 | 496.000 | 478.400 |
| 02 269 | Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður | 1.376.415 | 819.096 | 5.428.775 |
| 02 299 | Háskóla- og rannsóknastarfsemi | | 230.000 | 400.000 |
| 02 301 | Menntaskólinn í Reykjavík | 382.258 | 259.166 | 138.900 |
| 02 302 | Menntaskólinn á Akureyri | 842.097 | 3.523.998 | 2.336.743 |
| 02 303 | Menntaskólinn á Laugarvatni | 530.795 | 433.500 | 305.000 |
| 02 304 | Menntaskólinn við Hamrahlíð | 752.541 | 2.550.789 | 4.896.228 |
| 02 305 | Menntaskólinn við Sund | 3.045.059 | 192.834 | 466.302 |
| 02 306 | Framhaldsskóli Vestfjarða | 24.439 | 50.825 | 99.713 |
| 02 307 | Menntaskólinn á Egilsstöðum | 1.170.972 | 1.484.407 | 2.092.126 |
| 02 308 | Menntaskólinn í Kópavogi | 409.766 | 966.692 | 964.999 |
| 02 309 | Kvennaskólinn í Reykjavík | 748.100 | 645.000 | 250.000 |
| 02 316 | Fasteignir framhaldsskóla | 3.529.346 | 4.708.103 | 6.637.873 |
| 02 318 | Framhaldsskólar, stofnkostnaður | 10.673.630 | 4.507.319 | 4.587.554 |
| 02 319 | Framhaldsskólar, almennt | 15.445.529 | 7.615.088 | 7.734.319 |
| 02 350 | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 1.485.919 | 1.129.216 | 1.332.469 |
| 02 351 | Fjölbrautaskólinn Ármúla | 7.604.659 | 6.067.953 | 13.252.284 |
| 02 352 | Flensborgarskóli | 4.273.753 | 2.707.337 | 1.136.864 |
| 02 353 | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 1.624.599 | 754.605 | 1.272.320 |
| 02 354 | Fjölbrautaskóli Vesturlands | 240.247 | 705.615 | 623.405 |
| 02 355 | Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | | 250.000 | 295.051 |
| 02 356 | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | 417.890 | 722.765 | 298.251 |
| 02 357 | Fjölbrautaskóli Suðurlands | 354.967 | 378.917 | 322.690 |
| 02 358 | Verkmenntaskóli Austurlands | 367.762 | 1.330.354 | 449.523 |
| 02 359 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | 1.846.549 | 5.501.552 | 5.306.873 |
| 02 360 | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 1.671.115 | 2.622.531 | 3.467.421 |
| 02 361 | Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | 828.175 | 503.250 | 436.035 |
| 02 362 | Framhaldsskólinn á Húsavík | 175.930 | 214.856 | 110.729 |

| Stofnun | Heiti stofnunar | Sérfræðiþjónusta samtals 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 02 363 | Framhaldsskólinn á Laugum | 721.670 | 5.860 | 38.090 |
| 02 365 | Borgarholtsskóli | 1.823.745 | 4.837.535 | 6.480.219 |
| 02 430 | Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnar-skertra | 1.272.142 | 610.647 | 336.497 |
| 02 441 | Fullorðinsfræðsla fatlaðra | 10.000 | 241.149 | 301.488 |
| 02 451 | Símenntun og fjarvinnsluverkefni | | 4.255 | 475.756 |
| 02 506 | Vélskóli Íslands | 46.000 | 116.500 | 2.146.668 |
| 02 507 | Stýrimannaskólinn í Reykjavík | 981.707 | 1.480.504 | 2.948.363 |
| 02 514 | Iðnskólinn í Reykjavík | 1.765.482 | 670.635 | 3.357.417 |
| 02 516 | Iðnskólinn í Hafnarfirði | 12.000 | | 122.106 |
| 02 551 | Hússtjórnarskólinn Hallormsstað | 113.525 | | |
| 02 561 | Myndlistar- og handíðaskóli Íslands | 7.827.214 | | |
| 02 562 | Leiklistarskóli Íslands | 40.000 | 570.000 | |
| 02 564 | Listdansskólinn | 248.670 | 59.819 | 23.018 |
| 02 610 | Fasteignir héraðsskóla | 387.500 | 1.571.313 | |
| 02 720 | Grunnskólar, almennt | 3.394.080 | 1.904.763 | 2.872.258 |
| 02 725 | Námsgagnastofnun | 544.746 | 655.344 | 333.459 |
| 02 804 | Kvikmyndaskoðun | 25.800 | | 45.000 |
| 02 884 | Jöfnun á námskostnaði | | | 93.686 |
| 02 902 | Þjóðminjasafn Íslands | 11.714.890 | 5.624.013 | 7.262.994 |
| 02 903 | Þjóðskjalasafn Íslands | 435.900 | 1.253.164 | 5.020.656 |
| 02 905 | Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | 2.257.637 | 2.353.903 | 2.821.528 |
| 02 906 | Listasafn Einars Jónssonar | 260.547 | 25.187 | 20.000 |
| 02 907 | Listasafn Íslands | 254.932 | 597.876 | 2.807.422 |
| 02 909 | Blindrabókasafn Íslands | 2.272.233 | 3.133.304 | 3.965.328 |
| 02 919 | Söfn, ýmis framlög | | | 112.000 |
| 02 969 | Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður | 5.704.089 | 7.997.797 | 8.454.706 |
| 02 972 | Íslenski dansflokkurinn | 193.500 | 44.398 | 82.421 |
| 02 973 | Þjóðleikhús | | | 1.236.444 |
| 02 978 | Listasjóðir | 29.913 | | |
| 02 979 | Húsafriðunarsjóður | 7.723.196 | 11.805.044 | 9.401.513 |
| 02 980 | Listskreytingasjóður | 310.656 | 281.544 | 202.762 |
| 02 981 | Kvikmyndasjóður | 1.018.383 | 1.653.870 | 5.709.745 |
| 02 982 | Listir, framlög | 1.903.800 | 1.897.447 | 2.699.537 |
| 02 983 | Ýmis fræðistörf | 4.521.477 | 4.802.334 | 8.698.041 |
| 02 984 | Norræn samvinna | 1.689.501 | 1.012.440 | 787.995 |
| 02 985 | Alþjóðleg samskipti | 854.416 | 447.500 | 508.500 |
| 02 988 | Æskulýðsmál | 541.300 | 105.600 | 300.000 |
| 02 989 | Ýmis íþróttamál | 299.717 | 240.363 | 938.203 |
| 02 995 | Tungutækni | | 741.398 | 2.311.600 |
| 02 996 | Íslenska upplýsingasamfélagið | 2.615.976 | 9.235.397 | 5.222.661 |
| 02 999 | Ýmislegt | 242.848 | 1.374.968 | 68.960 |
| | | | | |
| **03** | **Utanríkisráðuneyti** | **47.298.137** | **53.332.181** | **65.042.745** |
| 03 101 | Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa | 27.967.624 | 19.600.885 | 18.268.849 |
| 03 190 | Ýmis verkefni | 1.707.106 | 201.182 | 10.888.298 |
| 03 201 | Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli | 99.750 | 1.349.938 | 1.971.220 |
| 03 211 | Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli | 6.683.205 | 19.175.705 | 16.908.023 |
| 03 301 | Sendiráð Íslands í Berlín | 831.010 | 5.027 | 47.078 |
| 03 302 | Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn | 107.645 | 104.095 | |
| 03 303 | Sendiráð Íslands í London | 102.468 | 105.767 | 43.331 |
| 03 304 | Sendiráð Íslands í Moskvu | 161.287 | 313.695 | 210.651 |

| Stofnun | Heiti stofnunar | Sérfræðiþjónusta samtals 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 03 306 | Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO | 364.828 | 673.500 | 498.051 |
| 03 307 | Sendiráð Íslands í Stokkhólmi | | | 8.528 |
| 03 308 | Sendiráð Íslands í Washington | 894.389 | 300.197 | 174.098 |
| 03 309 | Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York | | 61.931 | 536.564 |
| 03 310 | Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópu-sambandinu | | 1.011.268 | 108.286 |
| 03 311 | Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafs-bandalaginu | 219.896 | 63.574 | |
| 03 314 | Sendiráð Íslands í Peking | | 48.073 | 36.822 |
| 03 315 | Sendiráð Íslands í Ottawa | 6.737 | 56.902 | 313.186 |
| 03 316 | Sendiráð Íslands í Tókíó | | | 4.760.430 |
| 03 320 | Sendiráð, almennt | 1.574.773 | 1.557.056 | 1.153.981 |
| 03 390 | Þróunarsamvinnustofnun Íslands | 6.330.939 | 7.638.406 | 7.314.570 |
| 03 391 | Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi | 144.000 | 843.480 | |
| 03 401 | Alþjóðastofnanir | 102.480 | 221.500 | 1.800.779 |
| | | | | |
| **04** | **Landbúnaðarráðuneyti** | **35.932.343** | **74.752.770** | **74.331.687** |
| 04 101 | Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa | 907.867 | 969.727 | 3.667.666 |
| 04 190 | Ýmis verkefni | 2.991.307 | 5.852.880 | 5.652.115 |
| 04 211 | Rannsóknastofnun landbúnaðarins | 570.324 | 1.288.398 | 2.796.044 |
| 04 221 | Veiðimálastofnun | 40.500 | 4.660.901 | 3.006.847 |
| 04 222 | Veiðimálastjóri | 19.000 | | 1.445.079 |
| 04 233 | Yfirdýralæknir | 67.779 | 37.001 | 1.737.465 |
| 04 236 | Aðfangaeftirlit ríkisins | 6.000 | | 177.101 |
| 04 261 | Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri | 8.993.527 | 10.389.602 | 19.511.558 |
| 04 271 | Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal | 2.237.178 | 6.609.874 | 6.030.334 |
| 04 283 | Garðyrkjuskóli ríkisins | 6.460.871 | 7.740.093 | 12.149.185 |
| 04 293 | Hagþjónusta landbúnaðarins | 2.648.553 | 1.989.570 | 2.296.718 |
| 04 311 | Landgræðsla ríkisins | 3.272.678 | 3.177.261 | 3.510.144 |
| 04 321 | Skógrækt ríkisins | 3.184.190 | 3.252.757 | 2.864.576 |
| 04 324 | Landgræðslusjóður | 93.688 | | |
| 04 331 | Héraðsskógar | 45.457 | 297.440 | 365.373 |
| 04 343 | Landshlutabundin skógrækt | 3.400 | 1.920.726 | 2.467.952 |
| 04 805 | Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu | | 3.310.430 | 1.453.565 |
| 04 831 | Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins | 4.302.874 | 6.881.055 | 5.180.045 |
| 04 843 | Fiskræktarsjóður | 87.150 | 817.342 | |
| 04 851 | Greiðslur vegna riðuveiki | | 164.700 | |
| 04 891 | Sérstakar greiðslur í landbúnaði | | 15.393.013 | 19.920 |
| | | | | |
| **05** | **Sjávarútvegsráðuneyti** | **48.599.688** | **66.370.389** | **68.726.933** |
| 05 101 | Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa | 1.905.964 | 3.118.175 | 1.664.211 |
| 05 190 | Ýmis verkefni | 8.268.587 | 6.687.922 | 21.180.471 |
| 05 202 | Hafrannsóknastofnunin | 14.108.700 | 21.112.852 | 28.804.019 |
| 05 203 | Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins | 7.325.111 | 4.280.878 | 5.164.170 |
| 05 204 | Fiskistofa | 2.993.380 | 7.281.194 | 2.411.629 |
| 05 207 | Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla | 1.062.778 | 324.746 | 250.435 |
| 05 208 | Bygging hafrannsóknaskips | 7.149.798 | 14.796.167 | 3.084.506 |
| 05 211 | Kvótaþing | 23.400 | 144.300 | 129.910 |
| 05 213 | Verðlagsstofa skiptaverðs | 1.723.550 | 3.164.561 | 3.052.461 |
| 05 272 | Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins | 3.902.800 | 5.293.546 | 2.817.343 |

| Stofnun | Heiti stofnunar | Sérfræðiþjónusta samtals 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 05 901 | Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna | 135.620 | 166.048 | 167.778 |
| | | | | |
| **06** | **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti** | **226.147.562** | **298.784.477** | **336.018.397** |
| 06 101 | Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 6.527.567 | 5.148.819 | 4.972.729 |
| 06 103 | Lagasafn | | 135.200 | 165.600 |
| 06 111 | Kosningar | 148.700 | | |
| 06 190 | Ýmis verkefni | 33.210.037 | 31.385.445 | 9.832.288 |
| 06 201 | Hæstiréttur | 206.775 | 76.582 | 116.400 |
| 06 210 | Héraðsdómstólar | 303.796 | 934.423 | 1.093.415 |
| 06 231 | Málskostnaður í opinberum málum | 98.320.513 | 146.632.079 | 166.064.810 |
| 06 232 | Opinber réttaraðstoð | 61.608.275 | 73.963.589 | 68.840.994 |
| 06 235 | Bætur brotaþola | 838.252 | 202.125 | |
| 06 251 | Persónuvernd | | 254.608 | 26.054.396 |
| 06 301 | Ríkissaksóknari | 81.573 | 191.895 | 132.892 |
| 06 303 | Ríkislögreglustjóri | 949.288 | 4.080.861 | 3.599.704 |
| 06 305 | Lögregluskóli ríkisins | 190.820 | 402.502 | 1.009.500 |
| 06 311 | Lögreglustjórinn í Reykjavík | 1.559.266 | 3.149.200 | 3.108.320 |
| 06 321 | Almannavarnir ríkisins | 1.309.179 | 666.475 | 557.240 |
| 06 331 | Umferðarráð | 1.463.930 | 1.468.052 | 1.295.628 |
| 06 390 | Ýmis löggæslumál | 6.325.960 | 1.500.000 | 2.768.880 |
| 06 395 | Landhelgisgæsla Íslands | 3.424.236 | 10.164.014 | 22.594.664 |
| 06 397 | Schengen-samstarf | 461.653 | 971.802 | 3.134.133 |
| 06 398 | Útlendingaeftirlitið | 1.356.248 | 586.444 | 325.318 |
| 06 411 | Sýslumaðurinn í Reykjavík | 164.813 | 1.285.429 | 2.845.654 |
| 06 413 | Sýslumaðurinn í Borgarnesi | -27.677 | | |
| 06 416 | Sýslumaðurinn á Patreksfirði | 6.200 | | |
| 06 417 | Sýslumaðurinn í Bolungarvík | 9.222 | | |
| 06 418 | Sýslumaðurinn á Ísafirði | | 21.000 | 37.500 |
| 06 420 | Sýslumaðurinn á Blönduósi | 61.745 | -64.565 | |
| 06 421 | Sýslumaðurinn á Sauðárkróki | 64.980 | 112.966 | 101.989 |
| 06 423 | Sýslumaðurinn á Ólafsfirði | | 24.500 | |
| 06 424 | Sýslumaðurinn á Akureyri | 5.000 | 3.500 | 99.011 |
| 06 425 | Sýslumaðurinn á Húsavík | 30.000 | | 10.221 |
| 06 427 | Sýslumaðurinn í Neskaupstað | 8.280 | | |
| 06 428 | Sýslumaðurinn á Eskifirði | | | 20.000 |
| 06 429 | Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði | 94.167 | 54.180 | 152.750 |
| 06 431 | Sýslumaðurinn á Hvolsvelli | | | 61.262 |
| 06 432 | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum | 145.184 | 2.390 | 37.815 |
| 06 433 | Sýslumaðurinn á Selfossi | 9.615 | | 31.535 |
| 06 434 | Sýslumaðurinn í Keflavík | | 20.000 | |
| 06 436 | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 271.310 | 102.846 | 3.500 |
| 06 437 | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 358.190 | 190.208 | 243.441 |
| 06 490 | Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta | 211.799 | 1.077.864 | 5.466.550 |
| 06 501 | Fangelsismálastofnun ríkisins | 1.324.226 | 3.841.845 | 2.305.965 |
| 06 591 | Fangelsisbyggingar | | 130.200 | 854.894 |
| 06 701 | Biskup Íslands | 5.124.440 | 10.067.999 | 8.079.399 |
| | | | | |
| **07** | **Félagsmálaráðuneyti** | **65.659.282** | **84.857.621** | **73.306.402** |
| 07 101 | Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 8.141.497 | 12.622.104 | 5.054.917 |
| 07 190 | Ýmis verkefni | | | 2.826.392 |
| 07 302 | Ríkissáttasemjari | 754.412 | 262.592 | |
| 07 311 | Jafnréttisráð | 1.204.648 | 955.960 | |

| Stofnun | Heiti stofnunar | Sérfræðiþjónusta samtals 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 07 313 | Jafnréttisstofa | | 593.600 | 2.013.902 |
| 07 331 | Vinnueftirlit ríkisins | 1.486.163 | 3.622.338 | 869.473 |
| 07 400 | Barnaverndarstofa | 23.023.623 | 23.820.392 | 31.296.863 |
| 07 401 | Barnaverndarráð | 122.500 | 248.973 | 979.563 |
| 07 700 | Málefni fatlaðra | | | 152.589 |
| 07 701 | Málefni fatlaðra, Reykjavík | 793.067 | 988.999 | 691.974 |
| 07 702 | Málefni fatlaðra, Reykjanesi | 625.416 | 1.784.629 | 1.251.240 |
| 07 703 | Málefni fatlaðra, Vesturlandi | 121.400 | 189.699 | 46.363 |
| 07 704 | Málefni fatlaðra, Vestfjörðum | 146.947 | 497.307 | 529.500 |
| 07 706 | Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra | | | 100.000 |
| 07 707 | Málefni fatlaðra, Austurlandi | 440.500 | 780.034 | 1.135.792 |
| 07 708 | Málefni fatlaðra, Suðurlandi | 306.111 | 102.147 | 518.895 |
| 07 750 | Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins | 2.899.468 | 6.324.316 | 5.869.661 |
| 07 795 | Framkvæmdasjóður fatlaðra | 9.631.428 | 12.249.345 | 2.940.715 |
| 07 980 | Vinnumálastofnun | 3.399.036 | 2.911.086 | 2.865.920 |
| 07 981 | Vinnumál | 420.221 | 62.490 | 215.926 |
| 07 982 | Ábyrgðasjóður launa | 9.844.882 | 11.656.295 | 13.119.094 |
| 07 984 | Atvinnuleysistryggingasjóður | 1.909.243 | 604.395 | 355.000 |
| 07 996 | Íslenska upplýsingasamfélagið | | | 188.000 |
| 07 999 | Félagsmál, ýmis starfsemi | 388.720 | 4.580.920 | 284.623 |
| **08** | **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti** | **314.189.284** | **287.651.701** | **404.323.401** |
| 08 101 | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 16.151.533 | 19.525.089 | 10.512.211 |
| 08 201 | Tryggingastofnun ríkisins | 30.568.274 | 32.298.269 | 24.018.632 |
| 08 301 | Landlæknir | 5.440.124 | 8.398.412 | 9.960.308 |
| 08 311 | Héraðslæknir í Reykjavík | | 426.000 | 702.940 |
| 08 324 | Heyrnar- og talmeinastöð Íslands | 47.360 | 3.734 | 427.473 |
| 08 326 | Sjónstöð Íslands | 249.568 | 190.742 | 16.475 |
| 08 327 | Geislavarnir ríkisins | 52.215 | | 690.284 |
| 08 330 | Manneldisráð | 77.750 | 222.009 | 728.831 |
| 08 358 | Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri | 8.532.203 | 19.823.727 | 12.483.019 |
| 08 368 | Sólvangur, Hafnarfirði | 906.182 | 629.127 | 833.557 |
| 08 370 | Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi | 2.582.896 | 7.798.164 | 10.347.690 |
| 08 371 | Ríkisspítalar | 63.978.163 | | |
| 08 373 | Landspítali, háskólasjúkrahús | 3.994.500 | 119.603.775 | 240.295.904 |
| 08 375 | Sjúkrahús Reykjavíkur | 100.320.202 | | |
| 08 379 | Sjúkrahús, óskipt | 5.859.900 | | |
| 08 381 | Sjúkrahús og læknisbústaðir | 2.723.250 | | 160.643 |
| 08 385 | Framkvæmdasjóður aldraðra | 868.372 | 432.740 | |
| 08 393 | Lyfjamál | | 1.200.000 | |
| 08 395 | Lyfjaeftirlit ríkisins | 735.244 | 330.000 | |
| 08 396 | Lyfjanefnd | | 235.000 | |
| 08 397 | Lyfjastofnun | | | 368.069 |
| 08 399 | Heilbrigðismál, ýmis starfsemi | 28.215.115 | 21.544.469 | 28.448.142 |
| 08 400 | St. Jósefsspítali, Hafnarfirði | 1.671.512 | 2.816.706 | 4.464.880 |
| 08 490 | Vistun ósakhæfra afbrotamanna | 1.781.140 | 1.234.835 | 1.971.175 |
| 08 495 | Daggjaldastofnanir | 535.161 | 671.569 | |
| 08 500 | Heilsugæslustöðvar, almennt | 3.441.960 | 852.083 | 1.375.116 |
| 08 501 | Sjúkraflutningar | -26.460 | 155.725 | |
| 08 505 | Heilsugæsla í Reykjavík | 936.114 | 3.580.716 | 4.589.605 |
| 08 510 | Heilsuverndarstöðin í Reykjavík | 5.561.189 | 6.733.999 | 7.700.387 |

| Stofnun | Heiti stofnunar | Sérfræðiþjónusta samtals 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 08 522 | Heilsugæslustöðin Borgarnesi | | 198.604 | 652.800 |
| 08 524 | Heilsugæslustöðin Ólafsvík | 21.807 | 68.600 | |
| 08 525 | Heilsugæslustöðin Grundarfirði | | | 31.462 |
| 08 551 | Heilsugæslustöðin Ólafsfirði | 369.307 | 381.638 | 499.402 |
| 08 552 | Heilsugæslustöðin Dalvík | | 84.204 | |
| 08 558 | Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu | 281.461 | | |
| 08 565 | Heilsugæslustöðin Eskifirði | 15.423 | | |
| 08 574 | Heilsugæslustöðin Rangárþingi | 62.800 | 152.162 | 8.000 |
| 08 576 | Heilsugæslustöðin Laugarási | 20.000 | 183.403 | |
| 08 578 | Heilsugæslustöðin Hveragerði | 94.916 | 191.095 | 459.006 |
| 08 579 | Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn | | | 248.354 |
| 08 582 | Heilsugæslustöðin Hafnarfirði | 501.936 | 161.800 | 2.662.049 |
| 08 583 | Heilsugæslustöðin Garðabæ | | 146.507 | 362.100 |
| 08 584 | Heilsugæsla í Kópavogi | 882.401 | 3.122.718 | 587.436 |
| 08 585 | Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi | | 421.446 | 28.916 |
| 08 586 | Heilsugæslustöðin Reykjalundi | 193.158 | 461.800 | 79.518 |
| 08 621 | Forvarnasjóður | 266.990 | 5.037.371 | 1.300.135 |
| 08 711 | Heilbrigðisstofnunin Akranesi | 978.322 | 1.845.049 | 2.366.604 |
| 08 721 | Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði | 216.000 | 844.530 | 1.225.637 |
| 08 725 | Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ | 3.417.569 | 1.692.222 | 941.938 |
| 08 731 | Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík | 236.055 | 701.186 | 117.880 |
| 08 735 | Heilbrigðisstofnunin Hólmavík | | 389.903 | 358.367 |
| 08 741 | Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga | 343.694 | 21.000 | 41.414 |
| 08 745 | Heilbrigðisstofnunin Blönduósi | 446.698 | 496.684 | 931.151 |
| 08 751 | Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki | 1.372.960 | 2.851.468 | 3.676.691 |
| 08 755 | Heilbrigðisstofnunin Siglufirði | 222.030 | 605.621 | 1.927.290 |
| 08 761 | Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | 2.304.005 | 2.980.158 | 3.987.920 |
| 08 765 | Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum | 3.593.835 | | |
| 08 771 | Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði | 79.824 | | |
| 08 775 | Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað | 370.787 | | |
| 08 777 | Heilbrigðisstofnun Austurlands | 224.100 | 3.949.366 | 2.353.705 |
| 08 781 | Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum | 1.653.078 | 1.708.556 | 1.737.084 |
| 08 785 | Heilbrigðisstofnunin Selfossi | 1.264.034 | 290.989 | 218.317 |
| 08 791 | Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum | 9.302.200 | 8.951.481 | 11.409.367 |
| 08 996 | Íslenska upplýsingasamfélagið | 250.427 | 1.005.250 | 6.015.517 |
| | | | | |
| **09** | **Fjármálaráðuneyti** | **159.068.052** | **149.172.362** | **289.653.348** |
| 09 101 | Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 7.250.435 | 8.431.546 | 12.116.389 |
| 09 103 | Ríkisbókhald | 130.300 | 97.164 | 156.650 |
| 09 104 | Ríkisfjárhirsla | 381.819 | 151.944 | 123.100 |
| 09 201 | Ríkisskattstjóri | 1.376.124 | 1.108.891 | 390.489 |
| 09 202 | Skattstofan í Reykjavík | 10.800 | 15.000 | 3.550 |
| 09 204 | Skattstofa Vestfjarða | | 3.500 | |
| 09 207 | Skattstofa Austurlands | | 5.664 | |
| 09 208 | Skattstofa Suðurlands | 30.418 | 24.835 | |
| 09 212 | Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld | | 75.840 | 3.415.878 |
| 09 214 | Yfirskattanefnd | 718.849 | 173.008 | 1.016.000 |
| 09 215 | Skattrannsóknarstjóri ríkisins | 404.078 | 190.000 | 603.938 |
| 09 250 | Innheimtukostnaður | 42.931.102 | 38.608.242 | 32.972.453 |
| 09 261 | Ríkistollstjóri | 1.937.553 | 1.783.840 | |
| 09 262 | Tollstjórinn í Reykjavík | -2.400.855 | -5.830.177 | -6.442.519 |
| 09 402 | Fasteignamat ríkisins | 5.701.612 | 11.905.140 | 9.974.427 |

| Stofnun | Heiti stofnunar | Sérfræðiþjónusta samtals 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 09 481 | Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum | 40.000 | | |
| 09 901 | Framkvæmdasýsla ríkisins | 8.506.785 | 7.383.613 | 5.831.843 |
| 09 905 | Ríkiskaup | 2.182.659 | 1.536.172 | 498.691 |
| 09 972 | Lánasýsla ríkisins | 3.501.447 | 5.535.223 | 4.490.418 |
| 09 980 | Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól | 94.626 | 409.046 | 1.376.316 |
| 09 981 | Ýmsar fasteignir ríkissjóðs | 1.930.805 | 2.817.385 | 1.381.551 |
| 09 984 | Fasteignir ríkissjóðs | 47.861.217 | 26.630.091 | 20.796.856 |
| 09 995 | Skýrsluvélakostnaður | 806.662 | 18.400.300 | 172.531.305 |
| 09 996 | Íslenska upplýsingasamfélagið | | 1.944.999 | |
| 09 999 | Ýmis verkefni | 35.671.616 | 27.771.096 | 28.416.013 |
| | | | | |
| **10** | **Samgönguráðuneyti** | **381.170.111** | **481.610.359** | **571.716.863** |
| 10 101 | Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa | 10.300.442 | 14.869.553 | 10.346.920 |
| 10 190 | Ýmis verkefni | 6.997.282 | 5.581.702 | 5.329.325 |
| 10 211 | Vegagerðin | 170.249.767 | 236.132.260 | 336.352.899 |
| 10 335 | Siglingastofnun Íslands | 7.741.972 | 10.445.546 | 15.221.902 |
| 10 471 | Flugmálastjórn | 153.869.413 | 185.146.245 | 184.258.696 |
| 10 481 | Rannsóknanefnd flugslysa | 19.750 | 51.600 | 786.880 |
| 10 512 | Póst- og fjarskiptastofnunin | 2.939.711 | 4.275.609 | 2.388.275 |
| 10 651 | Ferðamálaráð | 29.051.774 | 25.107.844 | 17.031.966 |
| | | | | |
| **11** | **Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa** | **92.110.184** | **107.617.187** | **143.473.725** |
| 11 101 | Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa | 3.975.227 | 166.429 | 757.199 |
| 11 102 | Einkaleyfastofan | 4.726.775 | 3.919.190 | 5.710.824 |
| 11 201 | Iðntæknistofnun Íslands | 20.571.432 | 15.473.566 | 16.337.756 |
| 11 203 | Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins | 14.378.235 | 9.064.343 | 5.374.396 |
| 11 240 | Iðnaðarrannsóknir og stóriðja | 2.852.212 | 1.240.615 | 998.200 |
| 11 299 | Iðja og iðnaður, framlög | 14.087.337 | 18.182.065 | 12.705.106 |
| 11 301 | Orkustofnun | 27.646.054 | 55.833.591 | 94.658.693 |
| 11 399 | Ýmis orkumál | 3.872.912 | 3.737.388 | 4.189.451 |
| 11 411 | Byggðastofnun | | | 2.742.100 |
| | | | | |
| **12** | **Viðskiptaráðuneyti** | **27.279.575** | **28.647.324** | **33.487.282** |
| 12 101 | Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa | 10.046.294 | 4.858.182 | 3.712.567 |
| 12 190 | Ýmis verkefni | 1.290.000 | 96.084 | 1.248.000 |
| 12 302 | Löggildingarstofa | 9.386.639 | 12.388.525 | 14.511.223 |
| 12 402 | Fjármálaeftirlitið | 2.730.360 | 3.649.335 | 4.759.618 |
| 12 902 | Samkeppnisstofnun | 3.826.282 | 7.655.198 | 9.255.874 |
| | | | | |
| **13** | **Hagstofa Íslands** | **1.663.954** | **1.513.346** | **1.994.396** |
| 13 101 | Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa | 1.663.954 | 1.513.346 | 1.994.396 |
| | | | | |
| **14** | **Umhverfisráðuneyti** | **66.181.463** | **99.049.256** | **168.479.379** |
| 14 101 | Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa | 2.167.608 | 10.009.243 | 7.969.519 |
| 14 190 | Ýmis verkefni | 3.557.839 | 4.252.898 | 25.231.079 |
| 14 202 | Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn | 1.639.078 | 748.100 | 3.525.864 |
| 14 205 | Náttúruvernd ríkisins | 9.649.833 | 6.458.292 | 5.697.465 |
| 14 210 | Veiðistjóri | | 23.700 | 388.828 |
| 14 213 | Hreindýraráð | 68.331 | 207.624 | 396.633 |
| 14 221 | Hollustuvernd ríkisins | 3.808.466 | 3.155.105 | 3.818.411 |
| 14 281 | Styrkir til fráveitna sveitarfélaga | 11.482 | | |

| Stofnun | Heiti stofnunar | Sérfræðiþjónusta samtals 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| 14 283 | Hreinsun umhverfis | | | 2.838.495 |
| 14 285 | Spilliefnasjóður | 483.850 | 628.950 | 586.950 |
| 14 301 | Skipulagsstofnun | 5.402.371 | 4.792.062 | 3.696.933 |
| 14 303 | Skipulagsmál sveitarfélaga | | | 275.597 |
| 14 310 | Landmælingar Íslands | 5.714.488 | 17.061.803 | 43.134.039 |
| 14 321 | Brunamálastofnun ríkisins | 3.481.566 | 3.900.920 | 12.379.045 |
| 14 381 | Ofanflóðasjóður | 833.364 | 3.896.597 | 12.517.199 |
| 14 401 | Náttúrufræðistofnun Íslands | 1.734.587 | 16.004.811 | 21.449.221 |
| 14 407 | Stofnun Vilhjálms Stefánssonar | 400.000 | 1.613.749 | 5.198.896 |
| 14 410 | Veðurstofa Íslands | 27.228.600 | 26.295.402 | 19.375.205 |
| **Samtals** | | **2.004.394.801** | **2.451.559.495** | **2.944.547.210** |

2. *Hve mörg aðkeypt ráðgjafarverkefni á þessum árum voru útboðsskyld, skipt eftir ráðuneytum og stofnunum, og hvernig var útboðsskyldunni framfylgt?*

Vorið 2001 voru samþykkt á Alþingi ný lög um opinber innkaup, nr. 94/2001, sem tóku gildi 15. júní sama ár. Með lögunum voru felld úr gildi lög nr. 52/1987 með sama heiti og reglugerð um innkaup ríkisins nr. 302/1996. Í nýju lögunum er í 12. gr. kveðið á um að ríkisaðilar skuli bjóða út öll innkaup á vörum yfir 5.000.000 kr. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10.000.000 kr. Í fyrrgreindri reglugerð nr. 302/1996 var kveðið á um í 12. gr. að öll vörukaup og aðkeypta þjónustu yfir 3.000.000 kr. skyldi bjóða út og allar framkvæmdir yfir 5.000.000 kr.

Í bókhaldi ríkisins er gjöldum ekki skipt á deildir/viðfangsefni og kostnaðarliði og því er ekki sundurliðun fyrir hvert ráðgjafarverkefni um sig með kerfisbundnum hætti. Kaup á ráðgjöf eru í mörgum tilfellum hluti af stærri innkaupum, svo sem við opinberar framkvæmdir, í stærri þjónustuverkefnum og í tengslum við innkaup á sérhæfðum vörum. Af þessum sökum er ráðgjafarþjónusta oft á tíðum innifalin í annars konar útboðum. Á undanförnum árum hefur verið gert átak í því að kaupa ráðgjöf samkvæmt útboði hjá stórum verkkaupendum ríkisins. Má þar sérstaklega nefna útboð á eftirliti og ráðgjöf á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins sem hefur umsjón með opinberum framkvæmdum og Vegagerðina. Í þessum tilvikum er ráðgjöf boðin út og gerður rammasamningur við tiltekin fyrirtæki þar sem magn er ótilgreint. Samningar um einstök verkefni eru síðan gerðir á grundvelli rammasamningsins. Með þessum hætti er hægt að tryggja að markmiðum ríkisins um kaup á þjónustu sé náð en einnig er nauðsynlegur sveigjanleiki til staðar.

Rétt er að benda á að hluti af ráðgjafarþjónustu er undanþeginn útboðsskyldu samkvæmt lögum, nr. 94/2001, sbr. einnig tilskipun 92/50/EBE sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 302/1996. Má þar nefna lögfræðiþjónustu, ráðningarþjónustu, kennslu- og starfsmenntunarþjónustu og tómstunda-, menningar- og íþróttaþjónustu.

Af fyrrgreindum ástæðum er ekki hægt að segja til um það með vissu hversu mörg ráðgjafarverkefni á árunum 1999–2001 voru útboðsskyld samkvæmt fyrrgreindum viðmiðunarmörkum.

Útboðsskyldunni er framfylgt með tvenns konar hætti. Annars vegar með innra eftirliti af hálfu fjármálaráðuneytisins, Ríkisendurskoðunar og Ríkiskaupa. Hins vegar er um að ræða eftirlit sem snýr að réttarúrræðum til handa bjóðendum sem telja á sér brotið í opinberum innkaupum, svo sem ef talið er að um brot á útboðsskyldu sé að ræða. Með lögum nr. 53/1993 var komið á fót sérstakri kærunefnd útboðsmála sem hafði ráðgefandi hlutverk gagn-

vart fjármálaráðherra og fjallaði um formlegar kærur vegna ætlaðra brota á framkvæmd opinberra innkaupa. Hlutverk nefndarinnar var styrkt með lögum nr. 94/2001 og starfar hún nú sem sjálfstæð úrskurðarnefnd á stjórnsýslustigi. Á hverju ári berast nefndinni fjölmargar kærur og eru úrræði nefndarinnar m.a. þess efnis að hún getur breytt ákvörðunum verkkaupa og kveðið á um útboðsskyldu.

3. *Hafa verið settar samræmdar leiðbeiningarreglur um kaup á ráðgjafarþjónustu, og ef svo er, hverjar eru þær?*

Á vegum fjármálaráðuneytisins var árið 1995 gefið út leiðbeiningarritið Kaup á ráðgjöf, Val á ráðgjafa. Í framhaldi af útgáfu þess mælti fjármálaráðherra fyrir í bréfi dags. 3. apríl 1995 að allar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki legðu þær leiðbeiningar til grundvallar við kaup á ráðgjöf. Í ljósi breytinga á lagaumhverfi og örrar þróunar í málaflokknum ákvað fjármálaráðherra í samstarfi við félag sjálfstætt starfandi arkitekta, félag ráðgjafarverkfræðinga, Framkvæmdasýsluna, Landsvirkjun og Vegagerðina að vinna að nýjum leiðbeiningum um kaup á ráðgjöf. Afrakstur þessa starfs var kynntur sl. vor þegar gefið var út á vegum fjármálaráðuneytisins ritið Kaup á ráðgjöf, leiðbeiningarrit. Markmið með hinu nýja riti voru tvíþætt. Annars vegar að stuðla að vönduðum undirbúningi verkkaupa, skilgreiningu verkefna og samkeppni um verkefni, í þeim tilgangi að auka hagkvæmni við kaup á ráðgjöf. Í leiðbeiningunum er m.a. nákvæmlega lýst hvernig staðið skuli að útboði og vali á ráðgjöfum. Hins vegar eru í ritinu settar fram leiðbeiningar um ýmis atriði er taka til samskipta við ráðgjafa á hinum almenna markaði. Þrátt fyrir að leiðbeiningarnar miðist að mestu við ýmiss konar ráðgjöf við verklegar framkvæmdir, svo sem við mannvirkjagerð og í orkugeiranum, nýtist aðferðafræðin einnig við kaup á annars konar ráðgjöf eins og fram kemur í leiðbeiningunum. Í inngangsorðum leiðbeininganna kemur fram að fjármálaráðherra mælist til þess að ríkistofnanir og ríkisfyrirtæki nýti þá aðferðafræði sem þar er sett fram og hafa leiðbeiningarnar þannig gildi stjórnsýslufyrirmæla.